

Frumvarp að fjárhagsáætlun Dalvíkurbyggðar fyrir árið 2026 og þriggja ára áætlun fyrir árin 2027-2029 er nú lögð fram til síðari umræðu.

Á milli umræðna hér í sveitarstjórn voru gerðar breytingar á fjárfestinga- og framkvæmdaáætlun og búnaðarkaupum, en viðhaldsáætlun er óbreytt.

Ég fer yfir þessar breytingar hér á eftir.

Í framsögu við fyrri umræðu vakti ég athygli sveitarstjórnar á óvissu sem uppi er varðandi forsendur

Þjóðhagsspá að vetri var birt á föstudaginn var eða þann 14.nóvember, þær horfur í efnahagsmálum sem hún boðar eru ekki beint uppörvandi en þar segir: Versnandi horfur í útflutningi lita hagvöxt næstu ára! Verðbólga hefur verið þrálátari en væntingar stóðu til og í ár er reiknað með að vísitala neysluverðs hækki að meðaltali um 4,1% á milli ára. Áfram er þó gert ráð fyrir að verðbólga hjaðni og er reiknað með að vísitala neysluverðs hækki um 3,5% á næsta ári og 2,7% á árinu 2027.

Forsendur

Eins og ég greindi frá við fyrri umræðu eru forsendur fjárhagsáætlunar sem hér segir:

- Fjárhagsrammi almenn verðhækkun 2%
- Launavísitala áætluð hækkan 4,2%
- Gjaldskrár hækkaðar almennt um 3,2 %

Eins og fram kom við fyrri umræðu er útvarsprósentan óbreytt á milli ára eða 14,97% sem og álagning fasteignaskatts og lóðarleigu, fyrir utan fasteignaskatt á húsnæði í A-flokki í honum lækkar álagningarprósenta úr 0,5% niður í 0,44%. Sem þýðir að fasteignaskattur í A-flokki á almennt ekki að hækka á milli ára

þrátt fyrir hækkun á fasteignamati, sem hækkaði að meðaltali í Dalvíkurbyggð um 12,4% en um 14,4% á íbúðareignum.

Reksturinn

Rekstrarniðurstaða Aðalsjóðs er jákvæð um 60,7 millj. króna og rekstarniðurstaða A-hluta er jákvæð um 202,2 millj. króna. Þá er gert ráð fyrir að samstæðan A- og B-hluti verði jákvæð á árinu 2026 sem nemur tæpum 228 milljónum króna sem og að reksturinn verði jákvæður út áætlunartímabilið.

Í upphaflegri áætlun fyrir þetta ár voru laun og launatengd gjöld áætluð 53,5% af rekstartekjum samstæðunnar. Í útgönguspá eftir heildarviðauka I, sem samþykktur var á síðasta fundi sveitarstjórnar, þar er hlutfallið 50,9%.

Á áætlun ársins 2025 er hlutfall launa og launatengdra gjalda áætluð 53,7% af rekstrartekjum samstæðunnar.

Það eru ekki stórar sveiflur í rekstri málaflokka en fræðslumálin er fyrirferðarmikill málaflokkur og tekur til sín stærsta hluta skatttekna í A-hluta eða 45,2%. Þá eru æskulýðs- og íþróttamál að taka til sín 15,7% af skatttekjum.

Af B-hluta fyrirtækjum hefur rekstur hafnasjóðs verið neikvæður frá árinu 2020. Í ár var áætlað tap upp á 7 milljónir króna en samkvæmt útgönguspá eftir Heildarviðauka I er áætlað tap rétt rúmar 10 milljónir og á næsta ári er áætlað tap um 18,5 milljónir króna. Ástæða þess að hallinn er að aukast helgast af þeim framkvæmdum sem farið hefur verið í við Norðurgarð og endurnýjun flotbryggju, þar sem afskriftir og vaxtagjöld hækka. Undanfarin á hefur verið tap á félagslega íbúðakerfinu, en í ár seldi sveitarfélagið allar sínar íbúðir til Leigufélagsins Bríetar í skiptum fyrir hlutafé í félaginu að fjárhæð um 115 milljónir króna sem gera 1,45% eignarhlut.

Áætlaðar heildartekjur samstæðunnar (A- og B- hluta) eru 4.089 milljónir króna fyrir árið 2026. Þær skiptast þannig að áætlaðar skatttekjur að teknu tilliti til millifærsla eru 1.934 milljónir, framlög Jöfnunarsjóðs 1.299 milljónir og aðrar tekjur tæpar 857 milljónir króna.

Rekstrargjöld og reiknaðar afskriftir 3.811 milljónir króna. Niðurstaða samstæðunnar án fjármagnsliða er því áætluð jákvæð um 278 milljónir króna að teknu tilliti til fjármagnsliða og tekjuskatts er áætluð niðurstaða jákvæð um 228 milljónir króna.

Gert er ráð fyrir auknum tekjum, í útsvari og í framlögum Jöfnunarsjóðs, en samdrátt í öðrum tekjum. Ef við horfum á útkomuspá eftir viðauka I og fjárhagsáætlun 2026 er:

Útsvar og fasteignaskattar kr. 105 milljónir - aukning

Framlög Jöfnunarsjóðs kr. 236 milljónir - aukning

Aðrar tekjur kr. 240 milljónir – samdráttur

Samdráttur í öðrum tekjum er tilkomin vegna einskiptis tekna við sölu á Félagslegum íbúðum og sölu á Hvoli.

Fjárfestingar

Eins og ég nefndi hér í upphafi hafa orðið breytingar á fyrirhuguðum fjárfestingum og framkvæmdum á áætlunartímabilinu 2026 – 2029, við fyrri umræðu var áætlað að fjárfesta og framkvæma fyrir 3,8 milljarða króna, en hér við síðari umræðu eru þær komnar niður í tæpan 2,1 milljarð króna.

Fjárfestingar og framkvæmdi skiptast niður á næstu fjögur ár á eftirfarandi hátt: árið 2026 709,5 milljónir, 2027 767 milljónir, 2028 363,2 milljónir og 248 milljónir árið 2029.

Þrátt fyrir að á áætlunartímabilinu sé gert ráð fyrir að handbært fé frá rekstri sé jákvætt sem nemur 567 milljónum króna á árinu 2026, 598,8 milljónir árið 2027 og 605,7 milljónir 2028 og árið 2029 - 607,5 milljónir þá myndast lánsþörf fyrir áætluðum framkvæmdum Eignasjóðs, sem nemur 140 milljónum á á árinu 2027.

Í Eignasjóði er áætlaðar rúmar 476,2 millj. króna á næsta ári og eru stærstu liðirnir þessir:

- 250 milljónir í pott sem er eyrnamerkur þrem stórum framkvæmdum það eru slökkvistöð, byggðasafn og breytingar innanhúss á Ráðhúsi.
- 35 milljónir áætlaðar í skólalóðir í Árskógi og Dalvíkurskóla.
- 36,5 milljón króna pottur vegna framkvæmda hjá Skíðafélaginu, Golfklúbbnum Hamri og Hestamannafélaginu Hring.
- 97,8 milljónir í gatnagerðarframkvæmdir.

Á árinu 2026 eru áætlaðar í heildina 99,6 milljónir í viðhald Eignasjóðs og rúmar 48,8 milljónir í búnaðarkaup hjá stofnunum sveitarfélagsins.

Hjá B-hluta fyrirtækjum er gert ráð fyrir fjárfestingum þannig:

Hjá Hafnasjóði 14,2 millj. króna.

Hjá Vatnsveitu 101 millj. króna þar telur þyngst nýr vatnstankur við Upsa.

Hjá Fráveitu 32 millj. króna.

Hjá Hitaveitu 85,2 millj. króna.

Þetta er niðurstaða yfirferðar byggðaráðs á milli umræðna og að mínu mati mun raunhæfari en samt metnaðarfull áætlun um fjárfestingar og framkvæmdir á áætlunartímabilinu.

Að því sögðu þá langar mig að minna okkur á að gleyma því ekki í allri umræðu um fjárfestingar að sveitarfélagið er þjónustufyrirtæki og það þarf fjármagn til þess að reka þá þjónustu, okkur hættir nefnilega til að mæla árangur út frá verklegum framkvæmdum því þjónustan er ekki eins áberandi í okkar daglega lífi en er okkur öllum nauðsynleg.

Þriggja ára áætlun 2025-2028

Hvað varðar þriggja ára áætlun þá er þar ekki gert ráð fyrir neinum stórum breytingum í rekstri og er gert ráð fyrir jákvæðri rekstarniðurstöðu allt áætlunartímabilið. Þá er gert ráð fyrir umtalsverðum fjárfestingum, eins og farið var yfir hér á undan.

Þakkir

Það er alltaf léttir að ljúka fjárhagsáætlunargerð ár hvert og því ber að fagna, það fylgir því þó ákveðin tregi að ljúka síðustu fjárhagsáætlun kjörtímabilsins. Ég vil því nota tækifærið og þakka öllum þeim sem komu að vinnu við fjárhagsáætlun með einum eða öðrum hætti, sviðsstjórum, stjórnendum og starfsfólki að ógleymdum kjörnum fulltrúum. Ég vil þó sérstaklega þakka sviðsstjóra fjármála- og stjórnsýslusviðs henni Guðrúnu Pálínu fyrir hennar trausta utanumhald í gegnum allt ferlið.

Í mínum huga er ljóst að einhugur er um það markmið allra, starfsfólks sem og kjörinna fulltrúa að reka öflugt sveitarfélag sem veitir íbúum sínum góða þjónustu. Þá ber einnig að þakka að frumvarp að fjárhagsáætlun er hér lagt fram í einingu kjörinna fulltrúa.

Að þessu sögðu legg ég frumvarp að fjárhagsáætlun Dalvíkurbyggðar fyrir árið 2026 og þriggja ára áætlun fyrir árin 2027-2029 fram til síðari umræðu.